

Verkefnisstjórn rammaáætlunar
Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Borgartúni 26
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 27. september 2024
Málsnúmer: 202407-0015
SS

Efni: Umsögn um tillögu verkefnisstjórnar að flokkun fimm virkjunarkosta.

Vísað er í bréf frá umhverfis-, orku-, og loftslagsráðuneytinu fyrir hönd verkefnisstjórnar rammaáætlunar, sem barst þann 5. júlí 2024. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands í Samráðsgátt stjórnvalda, um tillögu verkefnisstjórnar 5. áfanga rammaáætlunar að flokkun fimm virkjunarkosta – fjórum vatnsaflskostum og einum jarðhitakosti.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um drög að tillögunni þann 21. júní 2024. Ekki hafa orðið breytingar á niðurstöðu verkefnisstjórnarinnar og tillagan að mestu leyti óbreytt. Náttúrufræðistofnun hefur gefist færi á að kynna sér betur tillöguna og gögnin sem að baki henni liggja en telur ekki ástæðu til að gera breytingar á fyrri umsögn sinni og vísar því í hana sem meginumsögn stofnunarinnar um niðurstöðu verkefnisstjórnar.

Meðal þess sem kom fram í umsögn Náttúrufræðistofnunar um drögin er að stofnunin telur nauðsynlegt að ákvarðanir byggist á fullnægjandi upplýsingum og að við mat á gæði gagna virkjanakosta í 5. áfanga rammaáætlunar hafi komið í ljós að varðandi virkjunarkostina þrjá á Vestfjörðum þyrfti að bæta gögn um jarðminjar, fuglalíf og lífríkis ferskvatns. Upplýsingar um gróðurfar á áhrifasvæði Hvanneyrardalsvirkjunar mætti líka betrumbæta í samanburði við aðra virkjunarkosti þar sem ekki var farið í úttektir á vettvangi á öllu áhrifasvæði virkjunarinnar. Í töflu 3 í minnisblaði Faghóps 1 má benda á nokkur atriði sem mætti bæta. Við uppfærslu á vistgerðakorti í kjölfar vettvangsathugunar í Vattardal kom í ljós að þar er votlendi af stærðargráðu sem fellur undir sérstaka verndun skv. ákvæði 61. greinar náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Það kemur ekki fram í töflunni. Þá þarf að uppfæra stöðu plantna á valista í ljósi þess hvort þær séu friðlýstar eða ekki, en ný friðlýsing æðplantna, mosa og fléttna tók gildi árið 2021. Þar er t.d. hrísastör friðlýst en hún var það ekki áður.

Stofnunin telur óheppilegt að endanleg ákvörðun um flokkun hafi verið tekin þegar ljóst er að bæta mætti þekkingu um náttúruferla. Tækifæri hefði verið til að setja virkjanakosti í biðflokk til að gefa færi á að bæta þekkingu, eins og alla jafna er gert þegar þörf er á betri gögnum, en svo var ekki gert. Í stað þess voru allir þrír virkjanakostir settir í nýtingarflokk jafnvel þótt þeir fengu tiltölulega háa einkunn hjá faghópi 1 hvað varðar bæði verðmæta- og áhrifamat fyrir náttúruferla og lítið eitt lægri en einkunn fyrir Hamarsvirkjun sem var sett í verndarflokk. Ef betri upplýsingar um náttúruferla svæðisins myndu leiða af sér enn hærri einkunnir fyrir matsþætti sem eru til umfjöllunar hjá faghópi 1 má velta fyrir sér hvort forsendur fyrir ákvörðun verkefnisstjórnunar myndu enn standa. Rökstuðningur fyrir því að allir virkjanakostirnir þrír voru settir beint í nýtingarflokk er skýr þörf á að bæta orkuöryggi á Vestfjörðum. Um þá þörf er ekki deilt en í ljósi þess að nýlega fannst jarðhiti í Skutulsfirði, og að í kjölfarið var samið um sölu á forgangsorku til fjarvarmaveita á Vestfjörðum sem tryggir það að nær ekkert muni þurfa að brenna jarðefniseldsneyti til húsahitunar til næstu fjögurra ára, má velta fyrir sér hvort

svigrúm hafi myndast fyrir betri greiningu á þessum virkjunarkostum. Það er ekki síst í ljósi þess að ef kemur til virkjunar allra þessara þriggja virkjunarkosta til viðbótar við aðrar áformaðar vatnsaflsvirkjanir á hálendissvæðum Vestfjarðakjálkans, mun afar víðtæk og óafturkræf röskun á lítt snortnum víðernum svæðisins eiga sér stað. Vísað er í fyrri umsögn Náttúrufræðistofnunar um tillögudrögin fyrir nánari umfjöllun um áhrif á víðerni, og mikilvægi þess að skoða samlegðaráhrif allra áformaðra virkjanaframkvæmda sem og annarra framkvæmda á Glámuvíðernið og víðernið sunnan Drangajökuls og leggja mat á heildaráhrif á stöðu víðerna á landsvísu.


Betri upplýsingar um umhverfisáhrif virkjunarkostanna á Vestfjörðum mun einnig auðvelda samanburð á Tröllárvirkjun og Hvanneyrardalsvirkjun, sem eins og fram kemur í greinargerð verkefnisstjórnar fá svipaða heildareinkunn og hafa í raun áhrif á sama vatnasvið uppi á Glámuhálendinu. Einnig að ólíklegt sé að báðir virkjanakostir verði fyrir valinu. Ef það er raunin er mjög mikilvægt að hægt sé að greina á nákvæmari hátt hvor kosturinn sé fýsilegri með tilliti til umhverfisáhrifa. Eins og fram hefur komið eru núverandi upplýsingar ófullnægjandi fyrir nokkra umhverfisþætti, í tilfelli beggja virkjunarkosta.

Varðandi umfjöllun um Hamarsvirkjun og Bolöldu er aftur vísað í fyrri umsögn stofnunarinnar um tillögudrögin en álit og ábendingar Náttúrufræðistofnunar um flokkun þeirra á enn við. Við það má bæta að í tilfelli Bolöldu koma vel í ljós annmarkar aðferðafræði matsins hjá faghópi 1 við að sameina mat fyrir skylda en jafnframt ólíka umhverfisþætti (undirviðföng) í eina einkunn (fyrir viðföng) byggða á meðaltali. Vegna mjög lágrar áhrifaeinkunnar fyrir undirviðfangið vatnafar eru hærri áhrifaeinkunnir fyrir jarðminjar dregnar niður töluvert og endanlegt meðaltal mun lægra en fyrir hina virkjunarkostina. Velta má fyrir sér hvort yfir höfuð eigi að sameina vatnafar og jarðminjar í eitt viðfang, sér í lagi þegar verið er að bera saman vatnsaflsvirkjanir og jarðvarmavirkjanir. Enn skýrara er áhrif meðaltalsins á viðfangið landslag og víðerni, en í verðmætamatseinkuninni fær landslag Bolöldusvæðins álíka háa einkunn og virkjanakostirnir á Vestfjörðum en þar sem víðerniseinkunnin er eins lág og mögulegt er er meðaleinkunnin afar lág. Þar með er ekki hægt að segja að tekið sé nægilegt tillit til verðmæta landslags í matinu. Sama á við um áhrifaeinkunnina.

Náttúrufræðistofnun telur því að endanlegar einkunnir faghóps 1 á verðmæti og áhrifum virkjunarkostsins Bolöldu á jarðminjar og landslag gefi alls ekki nægilega trúverðuga mynd og geri samanburðinn við aðra virkjunarkosti ótrúverðugan sömuleiðis. Í raun má velta fyrir sér hvort skynsamlegt hefði verið að hafa Bolöldu, sem er eina jarðvarmavirkjunin og í allt öðru vísi umhverfi en hinir fjórir virkjunarkostirnir, með í þessari flokkunarlotu yfir höfuð. Betra hefði verið að flokka hana og bera saman við aðra jarðvarmavirkjunarkosti þar sem aðstæður eru sambærilegri. Í greinargerð faghóps 1 er fjallað um annmarka aðferðafræðinnar og hættuna sem myndast þegar sérkenni svæða “fletjast út” eins og það er orðað. Að mati Náttúrufræðistofnunar er mikilvægt að leitað sé allra leiða við að bæta aðferðafræðina til að draga úr þessum áhrifum.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir en vísar, sem áður, á fleiri ábendingar úr fyrri umsögn stofnunarinnar um tillögudrögin.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink, reading "Snorri Sigurðsson". The script is cursive and fluid, with the first name "Snorri" and last name "Sigurðsson" clearly distinguishable.

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs